

Úrbótaáætlun

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stoð- og stuðningsþjónustu

Inngangur

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) framkvæmdi frumkvæðisathugun á reglum sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu í mars á þessu ári. Sveitarfélagið Hornafjörður skila inn gögnum til GEV í apríl s.l. og lágu niðurstöður athugunarinnar fyrir 19. september 2024.

Niðurstöður frumkvæðisathugunar GEV

Í niðurstöðum GEV er ýmist lagðar fram ábendingar (í þeim tilfellum þar sem heimilt er að setja reglur sem um ræðir) eða tilmæli um úrbætur (þegar um er að ræða reglur sem sveitarfélögum er skylt að setja).

Ábendingar

- **Reglur um stuðningsfjölskyldur** – Reglur eru í vinnslu. Meðan reglur eru í vinnslu er sveitarfélaginu bent á að styðjast við leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna
- **Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar** – Reglur eru ekki til hjá sveitarfélaginu og því bent á að það til það hefur verið gert er rétt að styðjast við leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms-, og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.
- **Reglur um akstursþjónustu** – Reglur ekki til en eru í vinnslu. Þeirri ábendingu er beint til sveitarfélagsins að þar til það hefur lokið vinnu við gerð reglna um akstursþjónustu er rétt að styðjast við leiðbeiningar um akstursþjónustu við fatlað fólk.
 - *Síðan athugun fór fram hefur vinna við reglur um akstursþjónustu verið kláruð og samþykktar af bæjarstjórn. Þær taka gildi 1.1.2025.*

Tilmæli

- **Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)** – Reglur ekki til hjá sveitarfélaginu. Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að setja reglur um NPA.
- **Reglur um frístundaþjónustu** – Reglur ekki til hjá sveitarfélaginu en eru í vinnslu. Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að ljúka vinnu við gerð reglna um frístundaþjónustu.
- **Reglur um stuðningsþjónustu** – Reglur eru settar eftir gildistöku nógildandi laga en þarfnast endurskoðunar. Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að endurskoða reglur um stuðningsþjónustu.



Ekki gerðar athugasemdir

- **Reglur um notendasamninga** – Reglur eru settar eftir gildistöku nógildandi laga og vísa til þeirra.
 - *Athygli vekur að þessar reglur voru ekki til hjá sveitarfélaginu þegar úttekt var framkvæmd og því líklega um mistök í úttektinni að ræða. Hins vegar hafa slíkar reglur verið full unnar, samþykktar af bæjarstjórn og tekið gildi.*
- **Reglur um stoðþjónustu** – Reglur eru settar eftir gildistöku nógildandi laga og vísa til þeirra.
 - *Hins vegar þarf að uppfæra reglur sökum innleiðingar RAI-mats við mat á þjónustuþörf.*

Tímastofur til úrbóta

GEV óskar eftir því að unnið sé að úrbótum í samræmi við ofangreindar ábendingar og tilmæli og að þeim sé lokið eigi síðar en 15. september 2025.

Þjónusta við fatlað fólk og aldraða

Stuðnings- og virkniþjónusta fer með þjónustu við fatlað fólk og aldraða. Falla þær reglur sem fjallað er hér að ofan undir hana, að undanskildum reglum um stuðningsfjölskyldur sem falla undir fjölskyldu- og félagsþjónustu og reglur um frístundaþjónustu sem eru sameiginlegar hjá velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði.

Í dag eru í gildi reglur um félagslega heimaþjónustu í sveitarfélaginu Hornafirði. Reglunum er ætlað að vera sameiginlegar reglur um stuðningsþjónustu, stoðþjónustu og reglur um þjónustu við börn með fatlanir og fjölskyldur þeirra. Það er mat starfsmanna að betur fari á því að nýta þá vinnu sem framundan er að skipta reglunum upp í þrjár reglur. Með því verði skýrara fyrir notendur þjónustunnar að átta sig á hvaða reglur fjalla um þá þjónustu sem viðkomandi á rétt á og hægt verður að móta skýrari ramma fyrir hvern notenda hóp fyrir sig. Þjónusta veitt á forsendum stoð- og stuðningsþjónustu mun áfram vera afgreidd skv. verklagi þjónustunnar heim (samþætt þjónusta heimaþjónustu og heimahjúkrunar) og þjónusta við börn með fatlanir og fjölskyldur þeirra yrðu afgreiddar af fagteymi fjölskyldu- og félagsþjónustu.

Forgangur verkefna

Verkefnum hefur verið skipt upp í þrjá forgangsflokka. Forgangur 1 eru þær reglur sem mikilvægt er að uppfæra eða ljúka við vinnslu þeirra við fyrsta tækifæri. Forgangur 2 eru þær reglur sem þarnast uppfærslu en þola bið þar sem til staðar eru reglur sem tryggja að þjónusta getur farið fram með eðlilegum hætti. Forgangur 3 eru þær reglur sem þola bið þar sem ekki er eftirspurn eftir þjónustu eða sambærileg úrræði í boði.

Forgangur 1.

- Reglur um frístundaþjónustu
- Reglur um stuðningsfjölskyldur
- Reglur um þjónustu við börn með fötlun og fjölskyldur þeirra

Forgangur 2.

- Reglur um stoðþjónustu



- Reglur um stuðningsþjónustu

Forgangur 3

- Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð NPA
- Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar eða endurhæfingar

Úrbætur

Lagt er upp með að unnið verði að úrbótum í þeirri tímaröð sem listuð er upp hér að neðan. Ábyrgðarmenn þjónustunnar eru sviðsstjórar eða forstöðumenn hverju sinni og listaðir eru upp þeir starfsmenn sem koma munu að vinnunni. Þá er einnig horft til þess að áður en málið er lagt fyrir velferðarnefnd verði fjallað um drög að reglunum í annað hvort öldungaráði eða notenda ráði fatlaðs fólks, eftir því sem við á.

Þegar hefur verið unnið að úrbótum er varðar reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra sem og reglum um notendasamninga eins og fram kemur hér að ofan.

Reglur um frístundaþjónustu					
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli Þórgunnur	Hildur Ýr Emil Morávek	6.11.2024	14.11.2024	19.11.2024	12.12.2024

Reglur um stuðningsfjölskyldur					
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli	Hildur Ýr Einar Aron	4.12.2024	9.12.2024	17.12.2024	9.1.2025

Reglur um þjónustu við börn með fötlun og fjölskyldur þeirra					
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli	Hildur Ýr Einar Aron	5.2.2025	10.2.2025	18.2.2025	13.3.2024

Reglur um stoðþjónustu					
Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli Bessý	Aleksandra Jörgína	9.4.2025	14.4.2025	22.4.2025	8.5.2024



Reglur um stuðningsþjónustu

Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli Bessý	Aleksandra Jörgína	9.4.2025	14.4.2025	22.4.2025	8.5.2024

Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð NPA

Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli Bessý	Aleksandra Jörgína	6.8.2025	11.8.2025	19.8.2025	11.9.2024

Reglur um styrki til náms-, og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Ábyrgðaraðili	Starfsmenn	Drög tilbúin	Lagt fyrir nefnd	Lagt fyrir bæjarráð	Lagt fyrir bæjarstjórn
Skúli Bessý	Aleksandra Jörgína	6.8.2025	11.8.2025	19.8.2025	11.9.2024

